

**Lágmarksskráning
vistunarpplýsinga
á sjúkrahúsum
*2. útgáfa 1998***

Unnið af: Sigríði Haraldsdóttur og Magnúsi B. Baldurssyni
Landlækniseimbættinu, Ólafi Erni Arnarsyni og Sigrúnu Guðjónsdóttur
Sjúkrahúsi Reykjavíkur og Guðrúnu Kr. Guðfinnsdóttur og Þorbjörgu
Guðnadóttur Ríkisspítulum

Landlækniseimbættið
desember 1998

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Yfirlit yfir skráningaratriði	6
3. Yfirlit yfir helstu breytingar	8
4. Skilgreiningar og hugtök	10
5. Nánari skilgreiningar á skráningaratriðum	14
5.1 Stofnunin	14
5.2 Auðkenni sjúklings	14
5.3 Innritun	16
5.4 Útskrift	18
5.5 Sjúkdómsgreiningar	20
5.6 Aðgerðir	22
6. Mælikvarðar og úrvinnsla	24
7. Önnur skráning á sjúkrahúsum	25
8. Endurskoðun og meðferð vafaatriða	26
Viðauki I: Skráning biðlista	28
Viðauki II: Númer sérgreina	30
Viðauki III: Sjúkrastofnanir og kennitölur	31
Viðauki IV: Tákntölur sveitarfélaga	33
Viðauki V: Ríkisfang/landsnúmer	37

1. Inngangur

Íslensk sjúkrahús hafa um langt skeið skráð, með reglubundum hætti, upplýsingar um þá sjúklinga sem meðhöndlaðir eru á stofnunum. Auk þess hafa verið skráðar upplýsingar um fjölda rúma. Þessar upplýsingar hafa verið nýttar bæði af heilbrigðisyfirvöldum og stofnunum sjálfum.

Eftirspurn heilbrigðisyfirvalda eftir tölulegum upplýsingum um starfsemi sjúkrahúsa hefur margfaldast á undanförunum árum bæði til innlendarar notkunar, s.s. við ákvarðanatöku og stefnumörkun og til þess að taka þátt í fjölþjóða gagnagrunnum. Þar má t.d. nefna gagnagrunna og útgáfur NOMESKO, OECD, WHO og fjölda fyrirspurna hvaðanæva úr heiminum. Ýmis vandamál hafa komið upp þegar upplýsingar frá íslenskum sjúkrahúsum hafa verið teknar saman fyrir fjölþjóða gagnagrunna. Þessir gagnagrunnar eru í stöðugri mótun og gerðar eru ákveðnar og jafnframt breytilegar kröfur um innihald upplýsinganna. Reynt hefur verið að meðhöndla gögn frá Íslandi á þann hátt að þau séu sem sambærilegust við það sem gerist í öðrum löndum en ekki hefur alltaf verið hægt að ganga eins langt og nauðsynlegt hefði verið.

Landlæknisembættið hefur gefið út Heilbrigðisskýrslur í rúmlega 100 ár og hafa tölur um sjúklingafjölda og fjölda legudaga á sjúkrahúsum verið birtar nánast frá upphafi. Það sama má segja um fjölda rúma. Þar eru þessar tölur aðgengilegar öllum sem á þurfa að halda og hægt að tengja þær öðrum stærðum í heilbrigðiskerfinu. Það er hins vegar ljóst að starfsemi sjúkrahúsa hefur tekið miklum breytingum og þá sérstaklega síðustu ár og áratugi. Áður byggðist starfsemi sjúkrahúsa einkum á legudeildum og þjónustu við þær en nú fer æ stærri hluti þjónustu sjúkrahúsa fram á dagdeildum og göngudeildum. Það er ljóst sjúkrahúsin hafa farið mismunandi leiðir í skráningu á sífellt fjölbreyttari starfsemi og að skráning sjúklinga sem njóta þjónustu dagdeilda og göngudeilda er mun lakari en þeirra sem leggjast inn á legudeildir enda hefur skort samræmdar reglur um þessa skráningu.

Frá árinu 1989 hefur Heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið unnið ýtarlega úr sjúklingabókhalda sjúkrahúsanna. Þessi úrvinnsla var m.a. grundvöllurinn að tillögum starfshóps um sjúkrahúsamál til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um skipan sjúkrahúsamála árið 1993. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hélt síðan haldið áfram að vinna úr sjúklingabókhalda sjúkrahúsanna og gaf út töfluhefti m.a. um legur og legudaga allt til ársins 1995. Í úrvinnslu ráðuneytisins var lögð áhersla á að flokka sjúklinga eftir lengd legu til þess að greina á milli “ambulant” starfsemi, almennrar spítalalegu og langlegu. Legutími var leiðréttur vegna þess að hér hefur lengi tíðkast að telja bæði komu- og brottfarardag og loks var reiknaður fjöldi rúma miðað við nýtingu.

Vegna meints misræmis í skráningu íslenskra sjúkrahúsa hafa heyrst þær raddir að lítt sé hægt að treysta vistunarpplýsingum frá sjúkrahúsum og samanburður milli stofnana og landa sé marklaus. Þannig hefur notagildi þessara upplýsinga drukknað í karpí um einstök atriði skráningar þannig að þær hafa ekki nýst sem skyldi.

Að framansögðu má ljóst vera að samræmd skráning, að svo miklu leyti sem hægt er, er nauðsynleg og öllum til hagsbóta.

Þau tilmæli sem birtast í þessu riti eru unnin af vinnuhóp á vegum Landlæknisembættisins og Samstarfsráðs sjúkrahúsanna á tímabilinu frá mars 1996 til desember 1998. Umræður um þörf á samræmdum reglum um skráningu vistunarpplýsinga eru þó síður en svo nýjar af nálinni. Málefnið hefur af og til verið rætt í formlegum og óformlegum vinnuhópum, allavega síðan árið 1990 en ekki hefur tekist að slá botn í þessa umræðu fyrr en nú. Umræður fyrri ára hafa hins vegar mótað þau tilmæli sem nú birtast. Þá hefur þessi vinna verið kynnt víða og tekið tillit til athugasemda eins og kostur er. Við þessa vinnu hefur einnig verið tekið mið af skráningu vistunarpplýsinga á Norðurlöndum. Samræmis hefur verið gætt eins og kostur er og ýmsar hugmyndir nýttar, einkum frá Danmörku, sem fallið hafa að kröfum okkar til upplýsinga frá sjúkrahúsum.

Samkvæmt lögum skipuleggur Landlæknir skýrslugerð heilbrigðisstarfsfólks og heilbrigðisstofnana og innheimtir þær sem þýðir að hann ber ábyrgð á söfnun upplýsinga fyrir heilbrigðisyfirvöld. Landlæknir óskar því hér með eftir samvinnu við starfsfólk sjúkrahúsa um að leggja kapp á að samræma skráningu sjúkrahúsa þannig að við höfum í höndunum eins sambærilegar upplýsingar og hægt er. Í þeim tilmælum um lágmarksskráningu vistunarpplýsingar sem kynntar eru í þessu hefti voru hafðir a.m.k. þrjár meginþætti að leiðarljósi, þ.e.:

- 1) Að skráning endurspegli sem best starfsemi á íslenskum sjúkrahúsum og þann heilsuvanda sem skjólstæðingar þeirra eiga við að etja og þær úrlausnir sem þeir hljóta.
- 2) Að skráning sé sambærileg á öllum íslenskum sjúkrahúsum.
- 3) Að skráning sé sambærileg við nágrannalöndin, eins og kostur er.

Hér á eftir er talið upp, í stuttu máli, hver megingilgangur skráningar er fyrir heilbrigðisyfirvöld, hvernig þau geta nýtt þessar upplýsingar og hvað gera þurfi svo skráning megi nýtast sem skyldi.

Það skal tekið fram að hér er um lágmarksskráningu að ræða og vera kann að einstakar stofnanir kjósi að skrá ýmislegt fleira til þess að fullnægja upplýsingaþörf sinni.

Tilgangur skráningar.

- * Að fylgjast með tíðni sjúkdóma og fjölda aðgerða.
- * Að fylgjast með hvaða þjónustu sjúkrahúsin hafa tök á að veita; rými, mannaflí.
- * Að fylgjast með umfangi þjónustunnar; fjöldi útskrifta, legudagar o.fl.
- * Að geta borið saman innlendar stofnanir og borið Ísland saman við önnur lönd.

Nýting upplýsinga sem fást með skráningu.

- * Þær nýtast heilbrigðisyfirvöldum til þess að fylgjast með tíðni sjúkdóma og skipuleggja í samræmi við það.
- * Þær nýtast heilbrigðisyfirvöldum til þess að fylgjast með hvernig þjónustan er notuð.
- * Þær nýtast heilbrigðisyfirvöldum til þess að deila fjármunum og forgangsraða verkefnum.
- * Þær nýtast sem innlegg í gagnagrunna um heilbrigðistölræði bæði hér á landi og í fjölþjóða gagnagrunna.

Hvað þarf að gera til þess að skráning nýtist sem skyldi?

- * Flokka starfsemi innan sjúkrahúsa eftir því hvers eðlis hún er.
- * Ákveða hvaða lágmarksskráning skuli fara fram.
- * Skilgreina hugtök sem tengjast skráningu.
- * Komast að samkomulagi um kóðun (merkingu) upplýsinga.
- * Ákveða hvaða mælikvarða skuli leggja á upplýsingarnar og hvernig úrvinnslu skuli háttað.

Í köflunum hér á eftir verður fjallað um þá þætti sem falla undir síðasta liðinn, þ.e. hvað þurfi að gera til þess að skráning upplýsinga nýtist sem skyldi.

2. Yfirlit yfir skráningaratriði

Stofnunin

- Kennitala stofnunar (úr Þjóðskrá, sjá viðauka III)
- Númer sérgreinar (Sérgreinaskrá Landlæknisembættisins, sjá viðauka II)

Auðkenni sjúklings

- Tegund sjúklings
- Kennitala sjúklings
- Ríkisfang (þeirra sem ekki hafa íslenska kennitölu, sjá viðauka V)
- Nafn
- Kyn
- Hjúskaparstaða
- Lögheimili
- Sveitarfélag (úr Þjóðskrá/landsnúmer þeirra sem ekki eiga íslenska kennitölu, sjá viðauka V)
- Heilsugæslulæknir/heilsugæslustöð (úr Læknaskrá Landlæknisembættisins)

Innritun

- Dagsetning þegar sjúklingur var settur á biðlista
- Innritunardagur
- Innlagnartími
- Innlagnarmáti (brátt, aðkallandi, af biðlista)
- Kringumstæður innlagnar (geðdeildir)
- Kom frá
- Hver vísaði sjúklingi
- Ástæða innlagnar

Útskrift

- Útskriftardagur
- Útskriftartími
- Dagsetning þegar virkri meðferð lýkur
- Meðferðardagar á dagdeild
- Komur á göngudeild
- Fór til
- Eftirlit eftir útskrift

Heilbrigðisvandi sjúklings

- Sjúkdómsgreiningar
- Slysaskráning

Úrlausn heilbrigðisstarfsfólks

- Meðferðarnúmer
- Meðferðardagur
- Hver er ábyrgur fyrir aðgerð, læknanúmer (úr Læknaskrá Landlæknisembættisins)

Tafla 1. Yfirlit yfir hvaða atriði þarf að skrá fyrir hverja tegund sjúklings


Skráningaratriði	Sólarhringsjúklingar		Ferlisjúklingar			
	Skammtíma	Langtíma	á dagdeild	á göngud.	á sólarhr.d.	Slysa-/bráðam.
Kennitala stofnunar	x	x	x	x	x	x
Númer sérgreinar	x	x	x	x	x	x
Tegund sjúklings	x	x	x	x	x	x
Kennitala sjúklings	x	x	x	x	x	x
Ríkisfang ¹⁾	x	x	x	x	x	x
Nafn	x	x	x	x	x	x
Kyn	x	x	x	x	x	x
Hjúskaparstaða	x	x	x	x	x	x
Lögheimili	x	x	x	x	x	x
Sveitarfélag	x	x	x	x	x	x
Heilsugæslulæknir/svæði	x	x	x	x	x	x
Dags. sjúkl. á biðlista ²⁾	x	x	x			
Innritunardagur ³⁾	x	x	x	x	x	x
Innlagnartími	x	x	x			x
Innlagnarmáti	x	x	x			
Kringumstæður innl. ⁴⁾	x	x	x			
Kom frá	x	x	x			x
Hver vísaði sjúklingi	x	x	x	x	x	x
Ástæða innlagnar	x	x				x
Útskriftardagur	x	x	x	x	x	x
Útskriftartími	x	x	x			x
Dags. meðferðarloka ⁵⁾	x					
Meðferðardagur ⁶⁾			x			
Komur á göngudeild ⁷⁾				x	(x)	
Fór til	x	x	x			x
Eftirlit eftir útskrift	x	x	x			x
Sjúkdómsgreininganúmer	x	x	x	x	x	x
Slysaskráning ⁸⁾	x	x				x
Meðferðarnúmer	x	x	x	x	x	x
Dagsetn. meðferðar	x	x	x	x	x	x
Hver er ábyrgur fyrir aðg.	x	x	x	x	x	x

- 1) Eingöngu fyrir þá sem ekki eiga íslenska kennitölu
- 2) Eingöngu ef biðlistaskráning er ekki tengd sjúklingabókhalddi
- 3) Innlagnardagur; fyrsti dagur á sólarhringsdeild, eða fyrsta koma ferlisjúklings á dagdeild, göngudeild, slysa-/bráðamótt.
- 4) Eingöngu á geðdeildum
- 5) Notað til að aðgreina skammtíma- og langtímasjúklinga.
- 6) Eingöngu fyrir ferlisjúklinga á dagdeild
- 7) Eingöngu fyrir ferlisjúklinga á göngudeild (og ferlisjúklinga á sólarhringsdeild ef við á)
- 8) Ytarleg skráning slysa ef ástæða innlagnar er fyrsta koma vegna slyss, sjálfsvígs/sjálfsvígstílaunar eða ofbeldis (x) Ef við á

3. Yfirlit yfir helstu breytingar

Flokkun sjúklinga

Í skráningu er nú gerður skýr greinarmunur á þeirri starfsemi sem tekur til vistunar sólarhringssjúklinga annars vegar og þjónustu við ferlisjúklinga hins vegar með því að flokka sjúklinga í stað þess að flokka deildir. Sólarhringssjúklinga þarf síðan að flokka í skammtíma- og langtímasjúklinga og skipta loks niður á sérgreinar. Ferlisjúklingar eru flokkaðir eftir því á hvers konar einingu þeir fá þjónustu og síðan eftir sérgreinum.



Skráning sérgreinar

Skrá skal númer sérgrein fyrir alla sjúklinga þannig að hægt verði að flokka sjúklinga eftir sérgreinum í stað deilda áður. Númer sérgreinar tekur mið af því sjúkdómsástandi sem sjúklingur er til meðhöndlunar vegna (sjá sérgreinaskrá í viðauka II). Oft er sérgreinin sú sama og sérgrein ábyrgs læknis en þarf þó ekki að vera. Skráning deilda er ekki hluti af lágmarksskráningu vistunarupplýsinga en líklegt er að margar stofnanir vilji áfram skrá deildanúmer.

Skráning biðlista

Dagsetning þegar sjúklingur var settur á biðlista verður hluti af innritunarupplýsingum. Á vegum Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis er nú starfandi nefnd um skráningu biðlista sem væntanlega mun skila af sér reglum um skráningu þeirra. Á meðan nefndin hefur ekki lokið störfum er mælt til að skráning sem birt er í viðauka verði notuð.

Númer stofnana

Þegar skrá þarf upplýsingar um stofnanir sem sjúklingur er að koma af eða fara á eru notaðar kennitölur stofnana úr þjóðskrá í stað sérstakra númera.

Innlagnarmáti

Innlagnarmáti er nú þrenns konar en um tvo möguleika var að ræða áður. Í fyrsta lagi bráðainnlögn, í öðru lagi aðkallandi innlögn og í þriðja lagi af biðlista (sjá nánar bls. 17).

Ástæða innlagnar

Flokka þarf ástæðu innlagnar eftir því hvort um er að ræða sjúkdóm, slysa, ofbeldi, sjálfsvíg/sjálfsvígstilraun, síðbúin áhrif áverka, fæðingu eða annað

Dagsetning þegar virkri meðferð lýkur

Til þess að greina skammtímasjúklinga frá langtímasjúklingum þarf að skrá dagsetningu þegar virkri meðferð lýkur (sjá nánar bls. 12).

Ekki þarf að skrá þessa dagsetningu fyrir alla sjúklinga heldur eingöngu þá sem lokið hafa virkri meðferð á deildinni en geta ekki útskrifast af henni vegna þess að viðeigandi meðferðarúrræði vantar. Þetta á einkum við um hjúkrunarsjúklinga.

Eftirlit eftir útskrift

Gera verður grein fyrir hver hefur eftirlit með sjúklingi eftir útskrift hvort sem það er heilsugæslulæknir, annar sérfræðingur en heilsugæslulæknir, dagdeild, göngudeild eða að sjúklingi er ekki fylgt eftir af lækni.

Talning legudaga

Legudagar eru reiknaðir þannig að innritunardagur er dreginn frá útskriftardegi. Þegar komu- og brottfarardagur er sá sami reiknast þannig einn legudagur. Ef sjúklingur er fluttur á milli sérgreina flyst dagurinn með honum á þá sérgrein sem hann flyst til (sjá nánar bls. 12).

4. Skilgreiningar á hugtökum

- Sólarringssjúklingur

Sjúklingur sem nýtur þjónustu sjúkrahússins allan sólarringinn og liggur á sólarringssdeild.

- Skammtíma sólarringssjúklingur

Sólarringssjúklingur sem ekki er gert ráð fyrir að þurfi á langtímavistun að halda. Skammtíma sólarringssjúklingur getur breyst í langtíma sólarringssjúkling ef virkri meðferð er lokið en ekki er hægt að útskrifa hann vegna skorts á viðeigandi meðferðarúrræðum, t.d. hjúkrunarrými fyrir öldrunarsjúklinga (sjá nánar bls. 12). Oftast eru sjúklingar, allavega í upphafi, skráðir sem skammtíma sjúklingar nema á hjúkrunardeildum.

- Langtíma sólarringssjúklingur

Sólarringssjúklingur sem gert er ráð fyrir að þurfi á langtímavistun að halda. Skammtíma sólarringssjúklingur getur breyst í langtímasjúkling ef virkri meðferð lýkur án þess að hægt sé að útskrifa sjúkling vegna skorts á viðeigandi meðferðarúrræðum. Þessi skilgreining á einkum við um hjúkrunarsjúklinga.

- Ferlisjúklingur

Sjúklingur sem ekki þarf á sólarringssþjónustu að halda en nýtur þjónustu sjúkrahússins í mislangan tíma að deginum til (einnig að næturlagi á slysa- og bráðamóttöku) allt frá hluta úr klukkustund á göngudeild upp í nokkrar klukkustundir á dagdeildum. Sjúklingar á bráðamóttöku/slysadeild teljast ferlisjúklingar.

Hugtakið ferlisjúklingur er vítt hugtak sem nær yfir alla sjúklinga sem njóta þjónustu sjúkrahúsa án þess að innritast sem sólarringssjúklingar. Hugtakið nær til stærri sjúklingahóps en ferliverkareglugerð Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

- Sólarringssdeild

Deild með legurúmum til meðhöndlunar á sjúklingum sem hefur á að skipa mannafla og aðstöðu til þess að veita nauðsynlega þjónustu allan sólarringinn. Sólarringssdeildir geta bæði verið starfræktar alla daga vikunnar eða hluta hennar.

- Dagdeild

Deild með föstu rými þar sem ferlisjúklingum er sinnt. Dagdeild hefur á að skipa mannafla og aðstöðu til þess að veita nauðsynlega þjónustu í allt að 12 klukkustundir á sólarring.

- Göngudeild

Deild án legurúma til að taka á móti ferlisjúklingum sem koma í stutta heimsókn til skoðunar, rannsóknar eða meðhöndlunar.

- Bráða-/slysamóttaka

Deild með legurúmum sem tekur á móti bráðasjúklingum. Oftast liggja sjúklingar innan við sólarring og eru síðan ýmist fluttir á einhverjar aðrar sérgreinar eða útskrifaðir. Sjúklingar sem fluttir eru á aðrar sérgreinar eru skráðir innlagðir þann dag sem tekið var á móti þeim á þeirri sérgrein.

- **Vöknunardeild**

Deild með legurúmum sem ætluð eru fyrir sjúklinga sem eru að vakna eftir einhvers konar aðgerð. Þessi deild getur bæði verið notuð fyrir ferlisjúklinga og sólarhringssjúklinga. Rúm á vöknunardeildum reiknast ekki með í rúmafjölda stofnunarinnar. Legudagar á vöknunardeildum reiknast á þá sérgrein sem ber ábyrgð á meðferð sjúklingsins.

- **Gjörgæsludeild**

Deild með legurúmum til þess að meðhöndla sólarhringssjúklinga og með sérstakan útbúnað til þess að veita gjörgæslu. Legudagar á gjörgæsludeild reiknast með þeirri sérgrein sem ber ábyrgð á meðferð sjúklings.

- **Skráð rúm fyrir sólarhringssjúklinga**

Rúm sem ætluð eru til vistunar sólarhringssjúklinga. Hér með skulu talin rúm á gjörgæsludeild, rúm á bráðamóttöku og rúm ætluð nýburum á þar til gerðum deildum. Þegar gefinn er upp heildarfjöldi rúma fyrir sólarhringssjúklinga þarf að aðgreina rúm á gjörgæsludeild og bráðamóttöku þar sem þau teljast ekki til hefðbundins legurýmis en eru hins vegar mikilvægur þáttur í starfsemi sjúkrahúsa. Vöggur á fæðingardeildum og rúm sem ætluð eru til vöknunar eftir aðgerð skulu ekki meðtalin. Við útreikninga á nýtingahlutfalli skal miða við skráð rúm fyrir sólarhringssjúklinga.

- **Skráð rúm/rými fyrir dagdeildarsjúklinga**

Rúm/rými sem ætluð eru fyrir ferlisjúklinga á dagdeildum.

- **Notuð rúm/rými fyrir sólarhringssjúklinga og dagdeildarsjúklinga**

Til þess að fá raunhæfari mynd af fjölda sjúkrarúma sem raunverulega eru notuð til vistunar sólarhringssjúklinga (m.a. vegna sumarlokana) er lagt til að reiknaður verði fjöldi “notaðra rúma” og verði þær upplýsingar til viðbótar við skráðu rúmin. Þessi reiknaði rúmafjöldi ársins er á sólarhringsdeildum fenginn með því að deila í legudagafjölda með $365 \cdot 0,9$ og fæst þannig hugmynd um meðalrúmanotkun ársins miðað við 90% nýtingu (90% nýting til að gera ráð fyrir árstíðabundnum sveiflum). Ef reikna á notuð rúm eftir mánuðum skal gera ráð fyrir 100% nýtingu.

Á dagdeildum er deilt með heildarfjölda þeirra daga (fyrir allt árið) sem deildin var opin margfölduðum með 0,9 eins og á sólarhringsdeildum.

- **Innritun**

Innritun markar upphaf dvalar sólarhringssjúklings eða fyrstu komu ferlisjúklings á dagdeild, göngudeild, sólarhringsdeild eða slysa-/eða bráðamóttöku.

- **Lega (tímabil á undirsérgrein)**

Lega er það tímabil sem sólarhringssjúklingur er skráður á undirsérgrein. Lega afmarkast af innritun sólarhringssjúklings á undirsérgreinina og útskrift af undirsérgreininni (sjá undirsérgreinar í viðauka II).

- **Vist (tímabil á stofnun)**

Vist er það tímabil frá því sjúklingur leggst inn á stofnun þar til hann útskrifast af henni (þ.e. samfelld dvöld sjúklings á stofnuninni). Vist tekur þannig til lengra tímabils en lega og getur falið í sér fleiri en eina legu ef sjúklingur skiptir um meginsérgrein meðan á dvöl hans á sjúkrahúsinu stendur.

- **Dagsetning þegar virkri meðferð lýkur**

Dagsetning þegar virkri meðferð einstaklings lýkur að mati ábyrgs læknis Þessi dagsetning er liður í því að greina skammtímasjúklinga frá langtímasjúklingum og skal nota hana jaft fyrir aldraða einstaklinga sem aðra aldurs hópa. Skráning dagsetningar þegar virkri meðferð lýkur táknar ekki útskrift heldur er eingöngu verið að gefa til kynna að viðkomandi sérgrein hefur lokið meðferð sinni og sjúklingur ætti að útskrifast en skortur á annars konar meðferð kemur í veg fyrir að hann geti útskrifast. Þetta hugtak á sér hliðstæðu í 13. gr. reglugerðar nr. 46 frá janúar 1990 um vistunarmat aldraða.

- **Útskrift af meginsérgrein**

Þetta hugtak á við það tímabil sem sólarhringssjúklingur er skráður á meginsérgrein. Tímabilið afmarkast af innritun sjúklings á meginsérgreinina og útskrift af meginsérgreininni (sjá meginsérgreinar í viðauka II).

Í uppgjöri og í samanburði milli stofnana og landa skal ávallt miða talningu við útskrift af meginsérgrein.

- **Flutningur á milli undirsérgreina**

Ef sjúklingur er fluttur frá einni undirsérgrein yfir á aðra, eða úr sólarhringsvistun í dagvistun eða öfugt þýðir það útskrift og nýja innlögn. Við flutning flyst legudagur með sjúklingi á þá sérgrein sem hann er að fara á.

- **Leyfi**

Ef sólarhringssjúklingur og heilbrigðisstarfsfólk kemst að samkomulagi um að sjúklingur geti yfirgefið sjúkrahúsið í ákveðinn tíma, t.d. yfir helgi, telst það leyfi. Leyfi táknar þannig ekki útskrift. Almennt varir leyfi ekki lengur en í þrjá sólarhringa, nema um stórhátíðir.

- **Legutími á undirsérgrein**

Markast af innritun og útskrift sólarhringssjúklings af undirsérgrein. Hann er reiknaður þannig að innritunardagur er dreginn frá útskriftardegi. Þegar komu- og brottfarardagur er sá sami reiknast þannig einn legudagur. Ef sjúklingur er fluttur á milli undirsérgreina flyst dagurinn með honum á þá sérgrein sem hann er að fara .

- **Legutími á meginsérgrein**

Afmarkast af innritun sjúklings á meginsérgrein og útskrift af meginsérgrein. Hann er reiknaður þannig að innritunardagur er dreginn frá útskriftardegi. Þegar komu- og brottfarardagur er sá sami reiknast þannig einn legudagur. Ef sjúklingur er fluttur á milli meginsérgreina flyst dagurinn með honum á þá sérgrein sem hann er að fara á.

Við uppgjör og í samanburði á milli stofnana og landa skal borinn saman legutími á meginsérgrein.

- **Meðferðartími**

Afmarkast af innritun á og útskrift ferlisjúklings af dagdeild eða göngudeild.

- **Meðferðardagar**

Fjöldi þeirra daga sem ferlisjúklingur hlýtur meðferð á dagdeild. Eingöngu eru taldir þeir dagar sem sjúklingur kom á dagdeildina en ekki allt tímabilið sem sjúklingur var skráður á deildina.

- **Koma**

Táknar heimsókn ferlisjúklings á göngudeild, sólarhringsdeild eða slysa- eða bráðamóttöku.

5. Nánari skilgreiningar á skráningaratriðum

Stofnunin

- **Kennitala stofnunar**

Tíu stafa tala úr Þjóðskrá.

- **Númer sérgreinar**

Þriggja stafa tala úr sérgreinaskrá Landlæknisembættisins sem birt er í viðauka II. Númer sérgreinar tekur mið af því sjúkdómsástandi sem sjúklingur er til meðhöndlunar vegna.

Oft er sérgreinin sú sama og sérgrein ábyrgs læknis en þarf þó ekki að vera.

Almenna reglan er sú að ef sjúklingur er fluttur af einni undirsérgrein yfir á aðra verður útskrift og ný lega.

Auðkenni sjúklings

- **Tegund sjúklings**

11-12 = *Sólarhringssjúklingur*: 11 = *Skammtíma sólarhringssjúklingur*:

Sjúklingur á bráðadeild sem hlýtur meðhöndlun allan sólarhringinn.

Sundurgreining á milli skammtíma- og langtíma-sólarhringssjúklinga þarf oft að fara fram í legunni eða við útskrift.

Sólarhringssjúklinga er eingöngu að finna á sólarhringsdeildum (sjá skilgreiningu bls. 10).

Sjúklingur getur hafið sjúkrahúsdvöl sem skammtímasjúklingur en síðan breyst í langtímasjúkling þó hann liggja enn á bráðadeild sökum skorts á rými á langtímadeild. Þann hluta legunnar sem sjúklingur er í raun langtímasjúklingur skal aðgreina frá skammtímahlutanum með því að skrá dagsetningu þegar virkri meðferð lýkur undir liðinn "útskrift" (sjá nánar bls. 12). Hér er þó ekki um útskrift að ræða.

Helstu mælikvarðar:

Útskriftir eftir meginsérgr.

Legudagar e. meginsérgr.

Meðallegutími e. meginsérgr.

12 = *Langtíma sólarhringssjúklingur*:

Sjúklingur á langtímadeild sem hlýtur meðhöndlun allan sólarhringinn. Langtíma sólarhringssjúklingar geta einnig legið á bráðadeildum sbr. 11 hér að ofan.

21-24 = *Ferlisjúklingur*:

21 = *Ferlisjúklingur á dagdeild*:

Sjúklingur sem þarf ekki á sólarhringsvistun að halda en þarf á sérfræðingsþjónustu að halda í einhvern tímafjölda að deginum til. Tíminn getur verið mislangur, en almennt dvelja sjúklingar lengur á dagdeildum en göngudeildum.

Helstu mælikvarðar:

Fjöldi sjúklinga

Meðferðartímabil

Meðferðardagar

Ýmist er um einstakar eða síendurteknar komur að ræða til meðferðar eða rannsókna. Sem dæmi um einstakar komur má nefna sjúkling sem fer í aðgerð og kemst venjulega heim sama dag. Ef forsendur breytast og sjúklingur þarf að liggja lengur skal hann innritaður sem sólarhringssjúklingur á viðkomandi sólarhringsdeild ef hann dvelst fram yfir miðnætti. Hann er þá skráður sem ferlisjúklingur í byrjun, síðan útskrifaður sem slíkur og innritaður sem

sólarhringssjúklingur ef ástand hans er þannig að hann þarf að dvelja fram yfir miðnætti. Þessi skráning breytir engu um greiðslufyrirkomulag varðandi ferliverk.

Sjúklingur getur einnig komið til síendurtekinnar og reglulegrar meðhöndlunar, ýmist á hverjum degi eða á ákveðnum dögum, t.d. sjúklingar á gervinýra og á dagdeildum geðdeilda og öldrunarlækningadeilda.

22 = Ferlisjúklingur á göngudeild:

Sjúklingur, sem kemur í skamma stund til eftirlits, meðferðar eða rannsóknar.

Ýmist er um einstakar eða endurteknar komur að ræða út af sama heilbrigðisvanda.

Hér getur t.d. verið um að ræða komur sem tengjast undirbúningi undir innlögn eða eftirliti eftir legu (oftast á sólarhringsdeild). Endurkomur á slysa- og bráðamóttöku falla einnig í þennan flokk.

Helstu mælikvarðar 22-24:

Fjöldi sjúklinga

Komur

23 = Ferlisjúklingur á sólarhringsdeild:

Ferlisjúklinga er hægt að finna á nánast hvaða deildum sjúkrahúsa sem er, en oftast þó á dagdeildum og á göngudeildum. Þeir geta einnig notið þjónustu sólarhringsdeilda t.d. ef um er að ræða undirbúning fyrir innlögn eða eftirlit eftir innlögn.

24 = Ferlisjúklingur á slysa-/bráðamóttöku:

Bráðasjúklingur sem er meðhöndlaður á slysa- eða bráðamóttöku. Þegar um endurkomur er að ræða þá flokkast sjúklingar sem 22 = ferlisjúklingur á göngudeild.

80 = Sjúklingur á biðlista:

Ef skráning á biðlista er tengd sjúklingabókhalda sem vonandi verður alls staðar innan tíðar bætist þessi flokkur við tegund sjúklings.

- **Kennitala sjúklings**

Tíu stafir. Þeim sjúklingum sem ekki eiga íslenska kennitölu er gefin sex stafa tala sem táknar fæðingardag, mánuð og ár. Næstu koma þrjú “0” eða einhverjir aðrir stafir en tíunda talan táknar þá öld sem viðkomandi er fæddur á, þ.e. “8” fyrir þá sem eru fæddir á nítjándu öldinni, “9” fyrir þá sem fæddir eru á 20. öldinni og “0” fyrir þá sem fæðast munu á 21. öldinni. Ef sjúklingur á ekki íslenska kennitölu þarf að fylla út ríkisfang í næsta lið og undir liðinn sveitarfélag kemur landsnúmer.

- **Ríkisfang**

Ríkisfang samkvæmt kóðum Hagstofunnar (sjá viðauka V). Þarf eingöngu að fylla út fyrir þá sem ekki hafa fengið úthlutaðri íslenski kennitölu.

- **Nafn**

Nafn sjúklings. Eingöngu fyrir stofnarnir sjálfar.

- **Kyn**

1 = Karl

2 = Kona

- **Hjúskaparstaða**
 1 = Ógift(ur)
 3 = Gift(ur)/sambúð
 4 = Ekkja/ekkill
 5 = Skilin(n)
 9 = Óþekkt
- **Lögheimili**
 Lögheimili sjúklings. Eingöngu fyrir stofnanirnar sjálfar.
- **Sveitarfélag**
 Sveitarfélaganúmer lögheimilis (úr Þjóðskrá Hagstofu Íslands, sjá viðauka IV). Hér er sett landsnúmer fyrir útlendinga (sjá viðauka V).
- **Heilsugæslulæknir/heilsugæslusvæði**
 Hér skal skrá læknanúmer heilsugæslu- eða heimilislæknis (samkvæmt Læknaskrá Landlæknisembættisins). Einnig hefur heilsugæslustöðvum verið gefið læknanúmer í sömu skrá og skal skrá það ef sjúklingar eru skráðir á heilsugæslustöð en ekki sérstaka lækna á stöðvunum.
 Læknar bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli skulu skráðir með númeri úr læknaskrá.

Innritun

- **Dagsetning þegar sjúklingur var settur á biðlista**
 Ef skráning á biðlista er ekki hluti af skráningakerfi vistunarupplýsinga þarf að setja þessa dagsetningu hér.
- **Innritunardagur**
Fyrir sólarhringssjúklinga:
 Dagur, mán. og ár sem meðhöndlun byrjaði í sólarhringsvistun.
Fyrir ferlisjúklinga á dagdeildum:
 Dagur, mán. og ár sem meðhöndlun byrjaði á dagdeild (fyrsta koma).
Fyrir ferlisjúklinga á göngudeildum (og göngudeildarkomur á sólarhringsdeildum):
 Dagur, mán. og ár sem meðhöndlun byrjaði á göngudeild (hugsanl. Sólarhringsdeild) (fyrsta koma)
- **Innlagnartími**
 Fyrir sólarhringssjúklinga: Klukkustund og mínútur innlagnar.
 Fyrir ferlisjúklinga á slysa- og bráðamóttöku: Klukkustund og mínútur innlagnar.
- **Dagsetning heimsóknar á göngudeild eða dagdeild**
 Dagur, mán., og ár heimsóknar á göngudeild eða dagdeild.

- **Innlagnarmáti**

- 1 = *Bráðainnlögn*, er venjulega innlögn sem ekki er fyrirfram ákveðin og skipulögð. Þó getur sjúklingur af biðlista lagst inn “hálf-brátt” ef hann er ekki lagður inn samkvæmt biðlistaröðun, þ.e. ef framgangur sjúkdómsins er með þeim hætti að leggja verður hann inn fyrir en áætlað var og taka hann þannig fram fyrir aðra á biðlistanum. Þetta kallast “aðkallandi innlögn” (sjá ennfremur viðauka I).
- 2 = *Aðkallandi innlögn*, sjúklingur sem settur hefur verið á biðlista en ástand hans krefst þess að hann verði lagður inn fyrir en ráð hafði verið fyrir gert, sjá ennfremur reglur um skráningu biðlista í viðauka I.
- 3 = *Af biðlista*, sjá reglur um skráningu biðlista í viðauka I.

Ef sjúklingur er fluttur á milli sérgreina er mikilvægt að meta að nýju hvort um bráðainnlögn er að ræða eða ekki. Sjúklingur sem leggst inn brátt getur haldið áfram að vera bráðasjúklingur við flutning á aðra sérgrein en þarf þó ekki að vera það. Það sama má segja um sjúkling sem ekki er lagður inn brátt. Ef hann er fluttur á aðra sérgrein gæti bæði verið um bráða eða aðkallandi innlögn að ræða.

- **Kringumstæður innlagnar (eingöngu geðdeildir)**

(á eingöngu við um geðdeildir, þ.m.t. öll fíknimeðferð og réttargeðlækningar)

- 1 = Sjálfviljugur
- 2 = Nauðungarinnlögn án sjálfræðissvifingar (hámark 48 klst., nema með leyfi dómsmálaráðuneytis, þá að hámarki 15 dagar).
- 3 = Nauðungarinnlögn með sjálfræðissvifingu
- 4 = Innlögn samkvæmt dómsúrskurði á réttageðdeild
- 8 = Annað

- **Kom frá**

- 1 = Heimili (þ.m.t. þjónustufúðir) (ef 1 þá þarf að fylla út liðinn “Hver vísaði sjúklingi”)
- 2 = Sama sjúkrahús, önnur sérgrein, númer
- 3 = Annað sjúkrahús, kennitala stofnunar.
- 4 = Hjúkrunarheimili, kennitala stofnunar
- 5 = Dvalarheimili, kennitala stofnunar
- 6 = Fædd(ur) hér
- 8 = Annað
- 9 = Óþekkt

- **Hver vísaði sjúklingi**

Þarf eingöngu að fylla út ef sjúklingur kom að heiman

- 0 = Engin tilvísun
- 1 = Heilsugæslu- eða heimilislæknir, læknanúmer
- 2 = Annar sérfræðingur en heilsugæslu- eða heimilislæknir, læknanúmer
- 8 = Annað
- 9 = Óþekkt

- *Ástæða innlagnar*

- 1 = Sjúkdómur eða skylt ástand sem ekki er beint hægt að tengja utanaðkomandi áverka.
- 2 = Slys. Óviljandi atburður sem einkennist af snöggu afli eða höggi sem leitt getur til áverka á líkama. Þessi kóði er eingöngu notaður ef þetta er fyrsta koma sjúklings vegna slyssins (og þ.a.l. ekki búið að frumskrá slysið), annars skal nota "5".
- 3 = Ofbeldi. Vísitandi ofbeldi. Slagsmál, rifrildi, misþyrmingar. Þessi kóði er eingöngu notaður ef þetta er fyrsta koma sjúklings vegna ofbeldisins (og þ.a.l. ekki búið að frumskrá atburðinn), annars skal nota "5".
- 4 = Sjálfsvígstílaun/sjálfsvíg. Sjálfsáverki. Þessi kóði er eingöngu notaður ef þetta er fyrsta koma sjúklings vegna sjálfsvígstílaunarinnar (og þ.a.l. ekki búið að frumskrá atburðinn), annars skal nota "5".
- 5 = Síðbúin áhrif áverka. Í kjölfar áverka vegna slyss, ofbeldis eða sjálfsáverka, sem áður hefur verið sinnt á sjúkrahúsi. Þá hefur kóði 2, 3 eða 4 verið notaður við fyrstu komu sjúklings vegna atburðarins (og þ.a.l. búið að frumskrá atburðinn).
- 6 = Fæðing
- 8 = Annað
- 9 = Óþekkt

Þegar notaðir eru flokkar 2, 3 og 4 þarf að skrá slysaða o.fl. Sjá nánar kaflann um sjúkdómsgreiningar.

Útskrift

- *Útskriftardagur*

Sólarhringssjúklingur: Dagur, mán. og ár er meðferð á sjúklingi lýkur og sjúklingur lýkur sólarhringsvistun.

Ferlisjúklingur: Dagur, mán. og ár er meðferð sjúklings lýkur í dagvistun eða síðasta koma á göngudeild.

- *Útskriftartími*

Fyrir sólarhringssjúklinga: Klukkustund og mínútur útskriftar.

Fyrir ferlisjúklinga á slysa- og bráðamóttöku: Klukkustund og mínútur útskriftar.

- *Dagsetning þegar virkri meðferð lýkur*

